Fjársýsla ríkisins

# Nettun á debet og kredit færslum

Þegar breytingar viðföngum eða tegundalyklum eru gerðar í AP Viðskiptaskuldir (AP) myndast nýjar færslur sem flytjast í biðskrá eignaskrár viðkomandi stofnunar. Áður en bókun á sér stað úr biðskrá í FA Eignakerfið (FA) er kerfiskeyrsla sem nettar út þessar færslur innan tímabils, en ef leiðrétting er gerð á öðru tímabili þá fer leiðrétting áfram í FA og myndar kreditfærslu sem nettar út ranga viðfangið / tegundalykil ásamt færslu með rétta viðfangið.

Það er mikilvægt að leiðrétting netti út áhrif bókunar, þ.e. myndi ekki hagnað, tap eða fyrningarfærslu sem skekkir GL Fjárhag (GL) stofnunar.

**Nettun á debet og kredit færslum inn í FA:**

Gera þarf ráðstafanir að netta út debet / kredit færslurnar sem eru með <u>sama bókunarsteng debet og kredit</u>, þ.e. svo þær myndi ekki fjárhagslegar færslur í GL. Til að losna við hagnað, tap og fyrningabókanir er farin sú leið að sameina debet / kredit eignanúmerin.




| Reikn. nr. | Bókfært verð | Eignanúmer | Fjárhagsnúmer | Flokkur | Fyrningarbók | Afskriftar prósenta | Lýsing | Einingar | Staðsetning | Kostnaðarverð | Uppsafnaðar afskriftir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| R20003283 | 57.457 | 767534 | 085061011001-08506-58135-0-0-0-0-0-0 | 18135 | 2048 | 33,33 | Samsung Galaxy A20e Svartur | 1 | 085060 | 62.680 | 5.223 |
| R20003283 | -57.457 | 771148 | 085061011001-08506-58135-0-0-0-0-0-0 | 18135 | 2048 | 33,33 | Samsung Galaxy A20e Svartur | 1 | 085060 | -62.680 | -5.223 |
| R20003283 | 57.457 | 771150 | 085061012801-08506-58135-0-0-0-0-0-0 | 18135 | 2048 | 33,33 | Samsung Galaxy A20e Svartur | 1 | 085060 | 62.680 | 5.223 |




| Reikn. nr. | Bókfært verð | Eignanúmer | Fjárhagsnúmer | Flokkur | Fyrningarbók | Afskriftar prósenta | Lýsing | Einingar | Staðsetning | Kostnaðarverð | Uppsafnaðar afskriftir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 91633036 | 590.003 | 763406 | 0297341212-02973-58149-0-0-0501-0-0-0 | 18149 | 2146 | 10 | NEC 55 V554 skjár, Raðnúmer: ( S8Z112040NB, S91113020NB ), Stærð 55 upplausn: | 1 | 029730 | 610.347 | 2 |
| 91633036 | 569.659 | 774456 | 0297341212-02973-58111-0-0-0501-0-0-0 | 18111 | 2146 | 20 | ORIGO skjáir | 1 | 029730 | 610.347 | 4 |
| 91633036 | -590.003 | 774455 | 0297341212-02973-58149-0-0-0501-0-0-0 | 18149 | 2146 | 10 | NEC 55 V554 skjár, Raðnúmer: ( S8Z112040NB, S91113020NB ), Stærð 55 upplausn: | 1 | 029730 | -610.347 | -2 |

**Ferli leiðréttinga:**

Eignanúmer 771150 er skráð með rétt viðfangsnúmer, en eignanúmer 767534 og 771148 eru með rangt viðfangsnúmer.

Fyrsta skref er að sameina 771148 (kredit) við 767534 (debet).

FA Eignakerfi > Eignir > Vinnusvæði eigna > Finna eignir > Skrá inn eignanúmer 767534 > Upprunalínur.




Velja báðar línurnar með því að smella í kassan fyrir framan hvora línu.




Smella í hnappinn **Flytja í.**




Setja í fyrirspurnarham **F11.**
Setja inn leitarskilyrði eignarnúmer 767534 sem á að flytja í / sameina.




**Ctrl-F11** til að leita.




Ný staða (sbr. Nýr kostnaður) er núna 0 kr.  Smella á **Lokið**

Eftir sameiningu líta upprunalínur á bakvið eign 767534 svona út.




Í næstu reglubundinni fyrningarkeyrslu uppfærast stöður 767534 og 771148, þ.e. debet og kredit fyrningar bakfærast og staða eignanúmera verður 0 kr.

Síðar er (eftir reglubundna fyrningarkeyrslu) er óhætt að úrelda 0 kr. eignanúmerin 767534 og 771148 sem er búið að netta út.